

Útivera er holl öllum heilbrigðum börnum. Íslensk veðráttta er rysjótt og umhleyplingasöm en því fáum við ekki breytt. Börnum er hollast að venjast veðráttunni eins og hún er og ekkert bendir til þess að börn sýkist fremur í útilofti en innandyra. Veikist börnin með hita er æskilegt að þau dvelji heima a.m.k. 1-2 sólarhringa. Leikskólastarfi barna má líkja við vinnu. Veik börn eiga því ekki að dvelja í leikskóla.



Við útiveru komast börnin í snertingu við náttúruna, leika sér frjálst og eru saman í hópleikjum.

Útivera er börnum holl, styrkir og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til hreyfingar og náms t.d. um náttúruna og veðrið.

Útisvæðinu er skipt í þrjú svæði í stóragarði og þrjú svæði í litla garði og hefur starfsmaður umsjón með hverju svæði, til að auka öryggi barna.

Markmið með útiveru er að efla alhliða þroska, að auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol.

Bakkaborg

Útivera

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Börnin leika sér frjálst og fá útrás fyrir hreyfipörf sína á jákvæðan hátt.



Klæðnaður skiptir máli. Sum börn eru kulsæl að eðlisfari og þau þarf að klæða hlýlega svo þeim líði vel. Önnur börn eru heitfeng. Þau svitna og þeim líður illa ef þau eru kappklædd. Sjálfsagt er að taka tillit til þessa við val á klæðnaði. Við val á fatnaði ætti að ríkja sú megin regla að fötin séu þægileg og liggi laust að líkamanum.

Börnin skulu hafa með sér fatnað eftir árstíð og veðurfari



Húfa



Sokka



Hlýja peysu



Pollagalla



Hlýja úlpu



Vettlinga



Útigalla



Kuldastígvél



Stígvél

Við leik og störf geta föt barnsins óhreinast eða blotnað því er nauðsinlegt að barnið hafi **aukaföt**.

Aukaföt skulu alltaf vera til staðar í kassa merktu barninu en þau eru:

Nærföt:
Bolur og
vettlingar
Buxur
eða samfella



Sokkar/
sokkabuxur



Ullarsokkar



Langerma-
Bolur



Húfa



Buxur

